

Samtök sveitarfélaga
á Norðurlandi vestra
Ársreikningur 2024

Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra
Höfðabraut 6
530 Hvammstangi

kt. 541292-2419

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Sjóðstreymisyfirlit	8
Skýringar	9

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Samtökin nefnast Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, skammstafað SSNV. Þau eru landshlutasamtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra og starfa með tilvísun til 97. greinar sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Samtökin eru hagsmuna-, þjónustu- og samstarfsvettvangur sveitarfélaganna. Málaflokkar sem SSNV fæst við varða m.a. byggðabróun, atvinnumál, menntamál, samgöngumál, menningarmál og kynningu Norðurlands vestra.

Hagnaður varð af rekstri samtakanna á árinu að fjárhæð 0,6 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi (2023: hagnaður 19,8 millj. kr.). Eigið fé samtakanna nam í árslok 106,9 millj. kr. en vísað er til ársreikningsins varðandi ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Á árinu störfuðu 8 starfsmenn hjá SSNV í 6,6 ársverkum, auk þeirra störfuðu 19 aðilar í stjórn og nefndum samtakanna. Laun stjórnar og framkvæmdastjóra námu 28,1 millj. kr. á árinu (2023; 25,4 millj. kr.). Heildarlaun og launatengd gjöld námu 120,7 millj. kr. á árinu (2023, 90,1 millj. kr.).

Aðildarsveitarfélög samtakanna eru fjögur en þau eru: Húnaþing vestra, Húnabyggð, Sveitarfélagið Skagaströnd og Skagafjörður.

Stjórn Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning samtakanna fyrir árið 2024 með undirritun sinni.

Hvammstanga, 18. mars 2025.

Stjórn:

Einar Eðvald Einarsson
Magnús Magnússon
Halldór Gunnar Ólafsson
Guðmundur Haukur Jakobsson
Álfhildur Leifsdóttir

Framkvæmdastjóri:

Katrín M. Guðjónsdóttir

Ársreikningur þessi var samþykktur á stjórnarfundinum 18. mars 2025 og undirritaður með rafrænum hætti í framhaldi af fundinum.

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og aðildarsveitarfélaga Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra.

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra („samtökin“) fyrir árið 2024. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2024 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2024, í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð samtökunum í samræmi við gildandi siðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi samtakanna og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa samtökin upp eða hætta starfsemi þeirra, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits samtakanna.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins, frh.:

- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi samtakanna. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert samtökin órekstrarhæf.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal alla verulega annmarka á innra eftirliti sem við greinum við endurskoðun okkar.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

Hvammstanga, 18. mars 2025.

KPMG ehf.

Helgi Nielsson
Sigríður Ellen Arnardóttir

Rekstrarreikningur árið 2024

	Skýr.	Ársreikningur 2024	Fjárhagsáætlun 2024	Ársreikningur 2023
Rekstrartekjur				
Framlag ríkissjóðs		261.698.224	190.402.124	204.012.228
Framlag sveitarfélaga		23.941.844	23.906.076	23.906.076
Framlag til Áfangastofu		33.000.000	33.000.000	33.000.000
Aðrar tekjur		11.634.855	10.600.000	8.489.182
	2	<u>330.274.923</u>	<u>257.908.200</u>	<u>269.407.486</u>
Rekstrargjöld				
Laun og annar starfsmannakostnaður	7	120.690.618	97.920.319	90.085.016
Kostnaður vegna áhersluverkefna Sóknaráætlunar		32.394.535	50.711.290	14.492.454
Framlag til Áfangastofu		33.000.000	33.000.000	33.000.000
Styrkveitingar		112.016.793	70.000.000	82.624.719
Stjórnunarkostnaður		39.498.591	38.853.702	35.415.460
		<u>337.600.537</u>	<u>290.485.311</u>	<u>255.617.649</u>
Rekstrarniðurstaða (neikvæð) fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld)		(7.325.614)	(32.577.111)	13.789.837
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld				
Vaxtatekjur		10.222.382	1.000.000	7.808.798
Fjármagnstekjuskattur	(	2.231.347)	0	(1.717.935)
Vaxtagjöld	(	101.054)	0	(111.728)
Gengismunur	(	236)	0	26.957
		<u>7.889.745</u>	<u>1.000.000</u>	<u>6.006.092</u>
Rekstrarniðurstaða ársins (neikvæð)	8	<u>564.131</u>	<u>(31.577.111)</u>	<u>19.795.929</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2024

	Skýr.	2024	2023
Eignir			
Fyrirframgreiðsla til Brúar lífeyrissjóðs	3,7	4.529.596	4.755.769
Fastafjármunir		4.529.596	4.755.769
Næsta árs gjaldfærsla, fyrirframgreiðslu til Brúar lífeyrissjóðs	7	226.173	226.173
Viðskiptakröfur		6.579.674	7.537.559
Aðrar kröfur		1.380.422	427.482
Handbært fé	6	174.426.018	168.184.162
Veltufjármunir		182.612.287	176.375.376
Eignir samtals		187.141.883	181.131.145
Eigið fé			
Eiginfjárreikningur		106.890.813	106.326.682
Eigið fé	8	106.890.813	106.326.682
Skuldbindingar			
Lífeyrisskuldbinding	9	21.193.325	20.667.336
Skuldbindingar		21.193.325	20.667.336
Skuldir			
Viðskiptaskuldir og ógreiddur kostnaður		2.377.358	2.237.242
Ógreiddir styrkir		35.943.798	31.474.197
Skammtíamhluti lífeyrisskuldbindingar	9	923.286	816.716
Fyrirframinnheimtar tekjur		5.718.182	9.931.381
Aðrar skammtímaskuldir		14.095.120	9.677.591
Skammtímaskuldir		59.057.744	54.137.127
Eigið fé og skuldir samtals		187.141.883	181.131.145

Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra	8	Ársreikningur 2021
---	---	--------------------

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

1. Grundvöllur reikningsskilanna

Samtökin nefnast Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, skammstafað SSNV. Þau eru landshlutasamtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra og starfa með tilvísun til 97. greinar sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Samtökin eru hagsmuna-, þjónustu- og samstarfsvettvangur sveitarfélaganna. Málaflokkar sem SSNV fæst við varða m.a. byggðaðþróun, atvinnumál, menntamál, samgöngumál, menningarmál og kynningu Norðurlands vestra.

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður og birtur í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

2. Innlaun tekna

Framlög sveitarfélaga eru tekjufærð á grundvelli samnings sveitarfélaganna sem að samtökunum standa. Styrkir og framlög eru færð til tekna við móttöku greiðslu og tekjur af veittri þjónustu eru innleystar eftir því sem þjónustan er innt af hendi og kröfuréttur myndast. Tekjur vegna verkefna sem ekki hafa klárast eru þó færðar hlutfallslega í samræmi við framgang verksins og ekki færðar að fullu fyrr en við verklok. Þær tekjur eru færðar sem fyrirframinnheimtar tekjur á meðal skulda í efnahagsreikningi.

3. Fyrirframgreiðsla til Brúar lífeyrissjóðs

Fyrirframgreiðsla til Brúar lífeyrissjóðs vegna uppgjörs A-deildar á árinu 2018 er færð til eignar og er framlag í lífeyrisaukasjóð gjaldfært á 30 árum en framlag í varúðarsjóð á 20 árum.

4. Áfallið orlof

Áfallið orlof er reiknað og fært í ársreikninginn og nemur skuldbindingin 7,9 millj. kr. í árslok 2024 og er hún færð meðal skammtímaskulda í efnahagsreikningi.

5. Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun SSNV fyrir árið 2024 er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi og sundurliðunum.

6. Handbært fé

Bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

7. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	2024	2023
Laun	84.421.011	61.313.833
Stjórnarlaun	10.149.840	8.270.177
Launatengd gjöld	22.383.700	16.078.935
Áfallið orlof, breyting	1.548.264	1.047.114
Annar starfsmannakostnaður	496.259	466.946
Framlag til A-deildar Brúar lífeyrissjóðs	395.219	400.513
Lífeyrisskuldbinding starfsmanna ríkisins B.deild, breyting	1.296.325	2.507.498
	<u>120.690.618</u>	<u>90.085.016</u>
Fjöldi starfsmanna að meðaltali	8,0	7,0
Ársverk	6,6	5,6

Skýringar frh.

7. Laun og launatengd gjöld frh.

Fyrirframgreiðsla til Brúar lífeyrissjóðs vegna uppgjörs A-deildar á árinu 2018 er færð til eignar og er framlag í lífeyrisaukasjóð gjaldfært á 30 árum en framlag í varúðarsjóð á 20 árum til samræmis við ákvæði reglugerðar nr. 1212/2015.

Fyrirframgreidd framlög vegna uppgjörs við Brú lífeyrissjóð á árinu 2024 eru færð til eignar í efnahagsreikningi sem fyrirframgreiddur kostnaður. Sá hluti sem verður gjaldfærður á árinu 2025 er færður meðal veltufjármuna, en það sem kemur til gjaldfærslu síðar er fært meðal fastafjármuna. Gjaldfærslur vegna uppgjörsins eru færðar meðal launa og launatengdra gjalda í rekstrarreikningi.

Gjaldfærslur vegna uppgjörsins og staða fyrirframgreiðslunnar greinast þannig á árinu:

Staða fyrirframgreiðslu í ársbyrjun.....	4.981.942
Gjaldfært á árinu.....	(226.173)
Staða fyrirframgreiðslu í árslok.....	<u>4.755.769</u>

Fyrirframgreiðsla greinist þannig í efnahagsreikningi:

Næsta árs gjaldfærsla, færð meðal veltufjármuna.....	226.173
Langtímahluti fyrirframgreiðslu.....	4.529.596
Samtals í efnahagsreikningi.....	<u>4.755.769</u>

Fyrirframgreiðsla skiptist þannig í árslok:

Framlag í lífeyrisaukasjóð.....	4.365.550
Framlag í varúðarsjóð.....	390.219
	<u>4.755.769</u>

8. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Samtals
Eigið fé 1.1.2023	86.530.754
Rekstrarniðurstaða ársins	<u>19.795.929</u>
Eigið fé 31.12.2023	106.326.682
Rekstrarniðurstaða ársins	<u>564.131</u>
Eigið fé 31.12.2024	<u>106.890.813</u>

9. Lífeyrisskuldbinding

Á SSNV hvílir skuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna. Hækkun ársins á lífeyrisréttindum, sem byggð er á útreikningi tryggingarstærðfræðings, er færð í rekstrarreikning og til hækkunar á lífeyrisskuldbindingunni. Greiddur lífeyrir er færður til lækkunar á lífeyrisskuldbindingunni. Breyting lífeyrisskuldbindingar á árinu greinist þannig:

Lífeyrisskuldbinding í ársbyrjun	21.484.052
Framlag vegna lífeyrisgreiðslna	(832.812)
Hækkun lífeyrisskuldbindingar á árinu	<u>1.465.371</u>
Lífeyrisskuldbinding í árslok 2024	22.116.611
Skammtímahluti lífeyrisskuldbindingar	(923.286)
Langtímahluti lífeyrisskuldbindingar í árslok 2024	<u>21.193.325</u>

Skýringar frh.

9. Lífeyrisskuldbinding, frh.

Afborganir árið 2025	923.286
Afborganir árið 2026	1.160.428
Afborganir árið 2027	1.209.683
Afborganir árið 2028	1.063.219
Afborganir árið 2029	1.106.954
Síðar	16.653.041
Afborganir lífeyrisskuldbindingar samtals	<u>22.116.611</u>

10. Tengdir aðilar

Aðal- og varamenn í stjórn SSNV auk æðstu stjórnenda þess eru skilgreindir sem tengdir aðilar SSNV. Makar þessara aðila og ófjárráða börn og aðrir fjárhagslega háðir einstaklingar falla einnig undir skilgreininguna ásamt fyrirtækjum í eigu eða undir stjórn þessara aðila.

11. Samningur um Sóknaráætlun 2025-2029

Samkvæmt samningi sem gerður var við samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið og mennta- og menningarmálaráðuneytið, eru Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, umsjónar- og framkvæmdaaðili sóknaráætlunar Norðurlands vestra fyrir árin 2025 til 2029. Í samningnum er kveðið á um að verkefni sóknaráætlunar séu þrjúþætt:

- Starfrækja uppbyggingarsjóð Norðurlands vestra.
- Setja af stað áhersluverkefni fyrir landshlutann sem eru n.k. átaksverkefni á sviði nýsköpunar, menningar og markaðsmála og hafa beina skirskotun til sóknaráætlunar Norðurlands vestra.
- Móta sóknaráætlun Norðurlands vestra sem nær yfir árin 2025-2029.

Í samræmi við samning um sóknaráætlun Norðurlands vestra eru 5,25 millj. kr. færðar til tekna í rekstri SSNV til að mæta kostnaði við framkvæmd samningsins. Ógreiddir úthlutaðir verkefnastyрkir eru færðir til skuldar í efnahagsreikningi.

	SSNV	Atvinnuþróun	Sóknaráætlun Uppb.sjóður	Millifærslur	2024	Áætlun	2023
Rekstrartekjur:							
Framlag ríkissjóðs	57.272.068	32.395.350	172.030.806	0	261.698.224	190.402.124	204.012.228
Framlag sveitarfélaga	3.941.844	20.000.000	0	0	23.941.844	23.906.076	23.906.076
Þátttaka eigin sjóða í rekstri SSNV	10.500.000	0	0	(10.500.000)	0		0
Framlag til Áfangastofu	33.000.000	0	0	0	33.000.000	33.000.000	33.000.000
Aðrar tekjur	0	1.270.660	10.364.195	0	11.634.855	10.600.000	8.489.182
	<u>104.713.912</u>	<u>53.666.010</u>	<u>182.395.001</u>	<u>(10.500.000)</u>	<u>330.274.923</u>	<u>257.908.200</u>	<u>269.407.486</u>
Laun og annar starfsmannakostnaður:							
Laun	32.275.341	29.332.847	22.812.823	0	84.421.011	68.712.734	61.313.833
Laun stjórnar	7.742.315	0	2.407.525	0	10.149.840	10.715.004	8.270.177
Mótframlag í lífeyrissjóð	5.287.904	3.959.941	3.375.983	0	12.623.828	10.722.745	9.250.908
Tryggingagjald	2.883.505	2.120.500	1.826.682	0	6.830.687	5.931.281	5.032.442
Stéttarfélagsgjöld	1.195.017	928.614	805.554	0	2.929.185	1.588.555	1.795.585
Áfallið orlof, breyting	183.272	1.364.992	0	0	1.548.264	0	1.047.114
Annar starfsmannakostnaður	285.504	156.755	54.000	0	496.259	250.000	466.946
Viðbótarframlag, lífsj. Brú	395.219	0	0	0	395.219	0	400.513
Hækkun lífeyrisskuldbindingar á árinu	1.296.325	0	0	0	1.296.325	0	2.507.498
	<u>51.544.402</u>	<u>37.863.649</u>	<u>31.282.567</u>	<u>0</u>	<u>120.690.618</u>	<u>97.920.319</u>	<u>90.085.016</u>
Önnur gjöld í rekstrarreikningi:							
Kostnaður vegna áhersluverkefna Sóknaráætlunar	0	0	32.394.535	0	32.394.535	50.711.290	14.492.454
Framlag til Áfangastofu	33.000.000	0	0	0	33.000.000	33.000.000	33.000.000
Styrkveitingar	0	0	112.016.793	0	112.016.793	70.000.000	82.624.719
	<u>33.000.000</u>	<u>0</u>	<u>144.411.328</u>	<u>0</u>	<u>177.411.328</u>	<u>153.711.290</u>	<u>130.117.173</u>

	SSNV	Atvinnuþróun	Sóknaráætlun	Millifærslur	2024	Áætlun	2023
Stjórnunarkostnaður:							
Bifreiðastyrkur	104.058	100.956	170.328	0	375.342	1.100.000	416.258
Dagpeningar	1.265.500	526.550	388.400	0	2.180.450	1.395.398	1.596.750
Kostnaður vegna verkefna	3.651.141	7.360	8.408.128	0	12.066.629	11.556.876	3.932.256
Bifreiðakostnaður	1.717.691	2.562.876	1.025.400	0	5.305.967	5.697.920	5.192.127
Húsaleiga	2.234.426	1.451.393	596.299	0	4.282.118	2.425.500	3.290.207
Sameign, ræsting og viðhald	245.894	132.980	174.827	0	553.701	367.500	519.944
Hlutdeild í sameiginlegum kostnaði SSVN	0	5.250.000	5.250.000	(10.500.000)	0	0	0
Sérfræðiaðstoð	2.984.517	1.059.350	39.600	0	4.083.467	4.076.932	2.654.417
Bókhaldsþjónusta	255.760	0	0	0	255.760	0	1.714.693
Rekstur tölvukerfis og netþjónusta	2.442.079	435.280	361.615	0	3.238.974	5.866.279	2.253.083
Gjaldfærðir rekstrarfjármunir	619.693	364.617	26.070	0	1.010.380	1.478.936	1.554.857
Sími og áskriftargjöld	204.007	80.879	72.050	0	356.936	262.500	308.665
Pappír, prentun og ritföng	41.323	23.244	9.842	0	74.409	145.319	69.084
Kostnaður við ársskýrslu	0	0	0	0	0	0	154.800
Póstburðargjöld og flutningskostnaður	15.933	0	0	0	15.933	0	846
Auglýsingar og markaðsáttak	822.341	478.675	86.427	0	1.387.443	1.250.000	1.238.768
Fundir, námskeið, sýningar og ferðakostnaður	2.164.354	1.258.500	224.925	0	3.647.779	2.665.390	10.028.355
Ábyrgðartryggingar	254.059	0	0	0	254.059	245.511	240.992
Bækur, tímarit og blöð	39.024	0	0	0	39.024	92.127	36.720
Styrkir og framlög	226.693	0	0	0	226.693	227.514	14.619
Annar kostnaður	87.727	55.800	0	0	143.527	0	198.020
	19.376.220	13.788.460	16.833.911	(10.500.000)	39.498.591	38.853.702	35.415.460
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði	793.290	2.013.901	(10.132.805)	0	(7.325.614)	(32.577.111)	13.789.837